

Nr. 20-11 S 006 Gullver NS 12***Landgangspallur fellur á skipverja***

Skipaskr.nr.: 1661
 IMO nr.: 8211851
 Smíðaður: Noregi 1983, stál
 Útgerð: Síldarvinnslan hf.
 Stærð: 423,4 brl. 674 bt.
 Mesta lengd: 49,86 m Skráð lengd: 44,73 m
 Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m
 Vél: Mak 1303 kW, 1983
 Fjöldi skipverja: 15



Gullver©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 28. ágúst 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. janúar 2020 var Gullver NS 12 að koma til hafnar á Seyðisfirði. Veður: V 15 m/s.

Skipverjar voru að hífa til landgangspall með skipskrana þegar spotti, sem hékk neðan úr honum, festist í krók með þeim afleiðingum að pallurinn slitnaði niður. Hann féll niður á rekkverk, niður um lúguop og niður á milliþilfar þar sem hann lenti á baki eins skipverjans með þeim afleiðingum að rifbein brotnaði og gerði gat á lunga ásamt því að bráka annað rifbein.



Myndin sýnir landgöngupallinn

Við rannsókn kom fram:

- að þyngd pallsins var um 50-60 kg og fall hans um 4 metrar;
- að verið var að setja upp landganginn og þurfti að hífa landgangspallinn úr lóðréttri geymslustöðu og setja í lárétta stöðu áður en hann

yrði hífður á sinn stað við síðuhurð á bakborða;

- að pallurinn var geymdur við rekkverk á bátapilfari stjórnborðs megin á skipinu þegar hann var ekki í notkun og var hífður yfir á bakborðssíðu þegar landgangurinn var settur upp;
- að tvö bönd voru á landgangspallinum og var annað notað til lóðréttrar hífingar frá geymslustað og síðan húkkað í bæði böndin þegar hann var hífður niður með síðunni og settur við landgönguhurðina;
- að annað bandið á landgangspallinum húkkaðist í þannig að bandið sem var í króknum slitnaði og pallurinn féll;
- að skipverjinn var í lúguopinu að hreinsa úr falsinu á karminum;
- að kranamaðurinn var staðsettur á palli utan á krananum og sá ekki skipverjann fyrir kranabómunni fyrir en of seint;
- að eftir atvikið var landgangspallurinn ekki hífður yfir skipið fyrir en búið var að hreinsa falsið á lúgukarminum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæsluleysi við færslu á landgöngupallinum.